

Alþingi
Erindi nr. P 139/1147
komudagur 28.12.2010

Alþingi
nefndasvið
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur skjalavarðar
Kirkjustræti

150 Reykjavík

28.12.
Mosfellsbæ, ~~21.12.~~2010
nr. erindis 201011278 uvi

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra þskj.
298 - 256. mál.**

1007. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar 2. desember 2010 fól undirritaðri að veita umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra þskj. 298 - 256. máli, á framfæri við nefndasvið Alþingis.

Ástæða er til að fagna framkomnu frumvarpi. Undirrituð hefur kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. desember 2010 og tekur heilshugar undir þær athugasemdir sem þar koma fram. Ástæða er þó til að gera athugasemd við ákvæði 14., 16. og 24. þar sem vísað er til heimildar sveitarfélaga á að setja sér reglur á grundvelli leiðbeinandi reglna ráherra. Í ljósi þess að fagleg ábyrgð á þjónustunni er sveitarfélaga og breytingin er meðal annars liður í því að auðvelda aðgengi að þjónustunni og auka gagnsæi málsmeðferðar, þá er það mat undirritaðrar að mikilvægt sé að sveitarfélögum sé gert að setja sér reglur um þá þætti þjónustunnar sem þau byggja stjórnsýsluákvörðun sína á.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs